

Aðferðafræði við mat á áhrifum virkjana á hlunnindi

Hvernig var þetta gert í 1. áfanga
– hverju mætti breyta?

Viðföng og vægi skv. 1. áfanga rammaáætlunar (útvíst =0,72)

Veiði	0,19		
		Veiðar í ám	0,37
		Veiðar í vötnum	0,46
		Skotveiðar	0,17
Önnur hlunnindi	0,09		
		Beit	0,95
		Grös og ber	0,05

Veiðar- skilgreining undirviðfanga skv. 1. áfanga rammaáætlunar

Veiðar

- *Veiðar í ám.* Stangveiðar í straumvötnum. Yfirleitt dvelja stangveiðimenn lengur en einn dag á svæðinu. Dæmi: Stangveiði í Blöndu.
- *Veiðar í vötnum.* Í þessum flokki eru veiðar í stöðuvötnum hvort sem um er að ræða stangveiði eða netaveiði. Dæmi: Veiðar í Veiðivötnum. Yfirleitt dvelja veiðimenn á staðnum lengur en einn dag.
- *Skotveiðar.* Í þessum flokki eru allar veiðar á fiðurfénaði s.s. rjúpu, gæs og öndum. Yfirleitt er dvalið á svæðinu lengur en einn dag. Dæmi: Rjúpnaskyttirí á Holtavörðuheidi. Einnig eru í þessum flokki hreindýraveiðar.

Önnur hlunnindi- skilgreining undirviðfanganga skv. 1. áfanga rammaáætlunar

Hlunnindi, þ.e. beit og aðrar landnytjar

- *Grasatekja og berjalestur.* Í þessum flokki er tínsla á fjallagrösum, sveppum og öðrum gróðri til ýmissa nota auk berjalesturs að hausti. Ýmist gist á svæðinu eða ekki.
- *Beit og ræktarland.* Hér er fyrst og fremst átt við sauðfjárbreit en einnig verður að taka tillit til hrossabeitar einkum á láglendi. Beit á hálendi er eingöngu bundin við tiltölulega stuttan tíma að sumrinu. Í þessum flokki verður að taka tillit til þjóðháttagildis (sbr. t.d. göngur og réttir).

Etv. einhver fleiri hlunnindi sem þyrfti að dekkja (æðarvarp, söl o.fl.)

Ræktað land margfalt verðmætara en beitaland – þarf sérstakt vægi

Veiðar – mat á vægi undirviðfanga skv. 1. áfanga

Veiðar Byggt er á upplýsingum um fjölda veiðidaga sem fengnar voru hjá Veiðimálastofnun og Veiðistjóraembættinu. Eins og fram kemur hér að neðan þá er umfang hreindýraveiða hverfandi og þeim því slegið saman við aðrar skotveiðar.

Veiði	Veiðidagar	Hlutdeild
Veiðar í ám	170.040	0,37
Veiðar í vötnum	209.280	0,46
Skotveiðar	75.000	0,17
Samtals	455.920	1,00

Þarf ekki að taka tillit til mismunandi verðmætis pr. veiðidag?

(Önnur) hlunnindi – mat á vægi undirviðfanga skv. 1. áfanga

Hlunnindi Þegar bera þarf saman beit og önnur hlunnindi er ekki um annað að ræða en notast við fjárhagsleg verðmæti. Í beitinni var stuðst við sauðfjárbætur helming úr árinu (6 mánuði). Til eru kannanir á fjölda sem fer í ber (um þriðjungur landsmanna) og til að geta vegið það saman við beitina gáfum við okkur að hver maður væri tilbúinn að greiða 1000 kr. fyrir aðgang.

Önnur hlunnindi		Verðmæti	Hlutdeild
Beit	Helmingur af stofni búnaðargjalds fyrir sauðfjárþúskap	1.925.500.000	0,954 (0,95)
Grös og ber	Áætlaður fjöldi berjatínsludaga*1000 kr.	93.000.000	0,046 (0,05)
Samtals		2.018.500.000	1,000

Hér er væntanlega miðað við að helmingurinn af verðmætum í sauðfjárframleiðslunni verði til á beit – ekki fjarri lagi að það sé rétt

Spurning hvort taka á inn önnur hlunnindi sem sér undirviðfang eða sameina þau við grös og ber

Hugsanlegt skema

Viðfang	Undirviðfang	Vogtölur		Einkunn (0,1,3,6,10)		
		Milli viðfanga	Milli undirviðfanga	Fyrir virkjun	Eftir virkjun	Áhrif virkjunar
Veiði		0,65				
	Veiðar í ám		0,37			
	Veiðar í vötnum		0,46			
	Skotveiðar		0,17			
Önnur hlunnindi		0,35				
	Beitiland, ræktunarland		0,90			
	Fjallajurtir (fjallagrös, ber, sveppir, heilsu- og kryddjurtir)		0,05			
	Við sjávarsíðuna (söl, æðarvarp, selur, reki)		0,05			

ATH. Vogtölur þarf að endurmeta

Notkun skalans- tilbúin dæmi um möguleg áhrif virkjunarframkvæmda á veiðihlunnindi:

	Hagsmunir af hlunnindum nú					Áætlaðir hagsmunir af hlunnindum eftir virkjun					Afleiðingar af virkjun á hlunnindi					
	10	6	3	1	0	10	6	3	1	0						
Virkjunar-kostur	Mjög miklir	Miklir	Talsverðir	Takmarkaðir	Engir	Mjög miklir	Miklir	Talsverðir	Takmarkaðir	Engir						
A	x									x	-10	Mjög miklar neikvæðar afleiðingar				
B			x				x				3	Talsverðar jákvæðar afleiðingar				
C		x					x				0	Engar afleiðingar				

A: hrygningarstöðvar/mikilvæg búsvæði eyðilögð með virkjun

B: Lífsskilyrði batna nokkuð við virkjun, t.d. tærari á eða nýtt/stækkað uppistöðulón

C: Aukið/minnkað rennsli í á – breytingar það litlar að þær hafa ekki áhrif á lífríki

Tilbúin dæmi um möguleg not á skala til að virðismeta áhrif virkjunarframkvæmda á beit/ræktað land:

	Hagsmunir af landbúnaði nú					Hagsmunir (not) eftir virkjun					Afleiðingar af virkjun á landbúnað					
	10	6	3	1	0	10	6	3	1	0						
	Mjög miklir	Miklir	Talsverðir	Takmarkaðir	Engir	Mjög miklir	Miklir	Talsverðir	Takmarkaðir	Engir						
Virðjunarkostur																
A- ræktað land undir lón	x									x	-10	Mjög miklar neikvæðar afleiðingar				
B-sæmilegt beitaland undir lón			x							x	-3	Talsverðar neikvæðar afleiðingar				
C- örfoka land undir lón					x					x	0	Engar afleiðingar				

Möguleg dæmi:

A: virkjanir í neðri hluta Þjórsár

B: Skaftá, Þorvaldsaurar (3 eða jafnvel 6)

C: Tungnaárlón

Niðurstaða

- Skalinn (10,6,3,1,0) virðist henta vel til að meta hlunnindi
- Fá undirviðföng og skýrt afmörkuð
- Vægi viðfanga/undirviðfanga þarf að endurmeta með í samræmi við mat á slíku fyrir ferðapjónustu/útvist
- Þurfum að komast í gögn hjá Veiðimálastofnun og fleiri aðilum til að vinna matið endanlega